

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 989

Dagsetning: 11. júní 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, Jónas Guðmundsson, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Óskar Reykdalsson var í orlofi og Jónas Guðmundsson stýrði fundi.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar á næstunni.

2. Samningur við Betri svefn

Upplýst var um samning sem Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu er með í burðarliðnum við Betri svefn um framleiðslu á myndböndum og fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og almenning um svefn.

3. Sumarfrí á skrifstofu

Rætt var um sumarfrí starfsfólks á skrifstofunni og mönnun yfir sumartímann.

II. Efni til umræðu

4. Flutningur Heilsugæslunnar Hlíðum

Rætt var um hvernig til tókst við flutninga Heilsugæslunnar Hlíðum í nýtt húsnæði. Umræður fóru fram um stöðuna á flutningunum, næstu skref og hvað megi læra fyrir flutninga á öðrum starfsstöðvum.

5. Staðan á öðrum starfsstöðvum

Farið var yfir stöðuna á ýmsum öðrum starfsstöðvum. Rætt um mönnun hjá Heilsugæslunni Grafarvogi og stöðuna á viðgerðum á húsnæði í Spönginni. Einnig fjallað um verklag tengt fráhrarfsmeðferð fanga utan dagvinnutíma.

6. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál, til dæmis svæðisstjóraálag, afleysingar stjórnenda á stöðvum og túlkun stofnanasamninga. Upplýst var að verkefnastjóri geðheilsuteyma sé kominn til starfa í tímabundinni ráðningu í eitt ár. Einnig rætt um mönnunarmál hjá Geðheilsuteymi HH taugabroskaraskana og mögulegar ráðningar til teymisins.

7. Vegmúli

Umræður um stöðuna á flutningum geðheilsuteyma í nýtt húsnæði í Vegmúla og hvernig hægt sé að tryggja að þeir gangi sem best fyrir sig.

Önnur mál

8. Könnun á líðan sálfræðinga

Rætt var um niðurstöðu könnunar á líðan sálfræðinga. Kynningu fyrir hópinn hefur verið frestað til hausts að beiðni sálfræðinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:45